



12. september 2022
Tilv. 2111195

Dreifibréf númer: 30/2022
til þjónustuveitenda gjaldeyrisskiptaþjónustu og þjónustuveitenda sýndareigna

Efni: Drög að tvennum reglum sem varða gjaldeyrisskiptaþjónustu og þjónustuveitendur sýndareigna.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) hefur gefið út tvenn umræðuskjöl. Annars vegar umræðuskjal nr. 9/2022 sem inniheldur drög að reglum um skráningu gjaldeyrisskiptaþjónustu og þjónustuveitenda sýndareigna. Hins vegar umræðuskjal nr. 10/2022 sem inniheldur drög að reglum um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna aðila sem veita gjaldeyrisskiptaþjónustu og þjónustuveitenda sýndareigna.

Reglurnar taka mið af breytingum sem gerðar voru á lögum nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, með lögum nr. 62/2022, og koma annars vegar til með að verða settar með stoð í 2. mgr. 37. gr. laga nr. 140/2018 og hins vegar með stoð í 4. mgr. 35. gr. sömu laga.

Reglur um skráningu gjaldeyrisskiptaþjónustu og þjónustuveitenda sýndareigna koma til með að leysa af hólmi eldri reglur nr. 535/2019 um sama efni. Þær taka í meginatriðum mið af breytingum sem gerðar voru á tilteknum hugtakaskilgreiningum laganna, auk breytinga sem gerðar voru á ákvæðum sem fjalla um áhættumat tilkynningarskyldra aðila og áreiðanleikakönnun viðskiptamanna.

Reglur um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna aðila sem veita gjaldeyrisskiptaþjónustu og þjónustuveitenda sýndareigna hafa aftur á móti ekki verið settar áður. Þær taka mið af breytingu sem gerð var á 2. mgr. 37. gr. laganna sem fól í sér heimild til handa Seðlabankanum til að setja nánari reglur um hæfisskilyrði samkvæmt greininni, þ.m.t. um hvað felist í fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu sem nýtist í starfi, góðu orðspori og fjárhagslegu sjálfstæði og hvernig staðið skuli að mati á þessum þáttum.

Reglurnar miða að því að gæta samræmis við aðrar reglur Seðlabankans um framkvæmd hæfismats samkvæmt öðrum lögum sem lúta að starfsemi þar sem Seðlabankinn fer með leyfis- og skráningarveitingu.

Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölin eru birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands.

Óskað er eftir að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjöl berist eigi síðar en 27. september nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gerð umsagnareyðublöð sem finna má á vefsíðu Seðlabanka Íslands, sbr. nánari skýringar í umræðuskjölum. Umsagnareyðublöðin skal senda á tölvupóstfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Fjármálaeftirlit

Björk Sigurgísladóttir
framkvæmdastjóri
lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir
forstöðumaður
lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir

